

## 58. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, aukafundur, Végarði 21.11 2013, kl. 13.30

Mætt til fundar: Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Anna Jóna Árnarsdóttir og Lárus Heiðarsson. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll. Eiríkur J. Kjerúlf 2. varamaður var mættur í stað Þorvarðar. Einnig mættir á fund fulltrúar Landsvirkjunar, þeir Georg Pálsson stöðvarstjóri og Árni Óðinsson verkefnastjóri umhverfismála, sitja þeir fundinn undir 1. dagskrárlið. Kristinn Bjarnason lögmaður Fljótsdalshrepps situr 1. og 2 dagskrárlið.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Fulltrúar LV og lögmaður Fljótsdalshrepps mæta til fundar, til viðræðna um ýmis mál
2. Fjárhagsleg málefni
3. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015-2017, fyrri umræða
4. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030
5. Dvalarheimili aldraðra

a) Fundargerð stjórnar 08.11

b) Fyrirhuguð kaup á íbúðum

6. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Stofnsamþykktir

7. Safnahús

Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 12.12

8. Önnur mál

1. Fulltrúar LV og lögmaður Fljótsdalshrepps mæta til fundar, til viðræðna um ýmis mál

21 ungmenni var í sumarvinnu LV sem tengist Fljótsdalsstöð, þar af 6 með lögheimili í Fljótsdal. Fleiri sækja um en komast í sumarvinnuhópinn. Sem fyrr var ruslahreinsun stór hluti starfa hópsins, en árangur af hreinsun undangenginna ára birtist í minna rusl á þeim svæðum sem farið hefur verið yfir. Einnig vann hópurinn að uppgræðslu. Þar sem voraði seint og land blautt var ekki hægt að fara í uppgræðslu á Hraunasvæði í sumar, eins og til stóð.

Lagnir og annað tilheyrandi Teigbúðum hefur verið fjarlæggt og landið landmótað. Næsta sumar verður unnið að gróðurstyrkingu með áburðar-og frægjöf.

Rekstur á sauðfjárveikivarnargirðingu gekk ágætlega og girðing orðin fjárheld 26. Júní.

Sveitarstjórn vill benda á nauðsyn þess að girt verði á norðurbakka Jökulsár, frá Ufsarlóni niður að brúnni, þannig fé safnist ekki stöðugt í svonefnda „Smugu“. Sveitarstjórn fer fram á að Landsvirkjun láti girða þennan kafla næsta sumar.

Þá vil sveitarstjórn einnig benda á að þegar lítið vatn er í Jökulsá fer sauðfé yfir ána að sauðfjárveikivarnargirðingu, á kafla frá Hrakströnd út að Innri Snígilsá. Sl. sumur hefur verið nokkuð um það og í fyrrihaust þurfti að fá björgunarsveit til að ná í fé sem varð innlyksa, þegar meira vatn varð í ánni og vetur gekk í garð. Farið er fram á að Landsvirkjun láti smala fé sem er öfugu megin ár, þegar Ufsarlón fer á yfirfall, eða hleypt er á árfarveginn.

Um 4000 gestakomur hafa verið skráðar í upplýsingarmiðstöð í Végarði það sem af er ári. Samningur Landsvirkjunar um leigu fyrir sýningaraðstöðu í Végarði rennur út í árslok og gert ráð fyrir skilafundi í næsta mánuði. Óljóst er hvort og þá með hvaða hætti sýningarhald LV vegna Kárahnjúkavirkjunar verður framvegis.

**Sveitarstjórn er ánægð með hvernig samstarfið hefur gengið og vill gjarnan að áframhaldandi samningur verði gerður um leigu á Végarði til sýningarhalds.**

Ufsarlón var skolað út í lok ágúst.

Erfiður vatnsbúskapur var á lónum Landsvirkjunar og fór t.a.m Kelduárlón ekki á yfirfall og Háslón mjög seint.

Landsvirkjun brást við beiðni ferðaþjónustuaðila og hleypti tímabundið vatni á fossa í Jökulsá.

Landsvirkjun tekur þátt í klasasamstarfi Upphéraðs og á í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Fljótsdal.

Framkvæmdum við Sauðárveitu lauk í haust og fór vatn að renna í Kelduárlón frá Sauðárveitu í lok september.

Bakkavarnir voru gerðar í landi Skriðuklausturs á ca 100 m kafla og voru þær gerðar í samráði og að ósk Hallgríms Þórhallssonar staðarhaldara jarðarinnar. Verið að huga að lausnum vegna landbrots í landi Vallholts, af völdum breytinga á vatnafari Jökulsár, tilkynning um landbrotið barst í september 2013.

Bent var á að það þurfi að huga að því að til sé efni/grjót ísem henti til varna við árfarvegi og að skoða þurfi mögulega efnisvinnslustaði í Fljótsdal.

Helstu framkvæmdir á vegum LV sem fyrirhugaðar eru á næsta ári tengjast vörnum við Háslón.

*Georg og Árna þakkaðar greinagóðar upplýsingar og yfirgáfu þeir fundinn kl. 15.00*

## 2. Fjárhagsleg málefni

- a) Rætt um Óbyggðasafnið á Egilsstöðum og hvort að sveitarfélagið verði hluthafi í einkahlutafélagi um safnið. Samþykkt samhljóða að framlag ársins 2013 til Óbyggðasafnsins, 10.000.000 kr., skiptist til helminga í styrk og hlutfjárframlag (kaup).

*Kristinn fór af fundi kl 16:30*

- b) Samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2013, sem eru breytingar frá gildandi fjárhagsáætlun:

- |    |                    |                |   |
|----|--------------------|----------------|---|
| 1. | 01- Skatttekjur    | - 4.000.000,-  | v. fasteignaskatta                                    |
| 2. | 04- Fræðslumál     | 3.000.000,-    | v. veikinda í grunnskóla og sérstuðnings              |
| 3. | 05- Menningarmál   | 5. 950.000,-   | v. Vég, Minjasafns og Óbyggðasafns                    |
| 4. | 11- Umhverfismál   | 5.000.000,-    | v. refaveiða og umhverfisstyrkja                      |
| 5. | 13- Atvinnumál     | 1.100.000,-    | v. Orkuverkefni, húsamælingar                         |
| 6. | 28- Fjármagnsliðir | - 33.800.000,- | v. nýs innra láns sem fært var til bókar 2012         |
| 7. | 31- Eignasjóður    | 42.250.000,-   | v. innr.lán, afskr, ljósl,Vég, Miðv, Laugarf, gistih. |

Áhrif á handbært fé til lækkunar 14.000.000,-

8. Fjárfesting 2013: lækkar um 21.000.000,- v. frest. vegافر.kv,Fjallaskarðs og Óbyggðasafns

Áhrif á handbært fé til hækkunar - 21.000.000,-

9. Eignarhlutar 2013 lækka um 270.000.000 v. Laugargarðs, Barra og Óbyggðasafns

Áhrif á handbært fé til lækkunar 7.000.000 ( Barri og Óbyggðasafn)

10. Eignir 2013 hækka um 277.000.000 v. færslu frá eignarhlutum

Áhrif á handbært fé 0

**Samtals áhrif á handbært fé 2013 vegna viðauka 1-10 0,-.**

### **3. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015-2017, fyrri umræða**

Farið yfir áætlunina og henni vísað til annarar umræðu. Farið yfir fjárfestingaráætlun fyrir sömu ár og hún samþykkt.

### **4. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030**

Farið yfir skipulagstillögu dags. 21.11.2013 og fylgigögn. Samþykkt að gera eftirfarandi breytingar á tillögunni:

Skálasvæði við Kelduárlón verði flutt að mörkum Þjóðgarðs við Eyjabakkafoss.

Efnisnáma fyrir grjótnám verði skilgreind austan í Norðastafelli, grjótnám hefur áður verið þar.

Ekki verði gerður greinarmunur á samningsbundnum nytjaskógræktarsvæðum og annarri nytjaskógrækt, einnig verð náttúruleg birkiskógarsvæði sýnd á kortum.

Oddvita falið að fá Landmótun til að finna þessum atriðum staði í skipulagsgögnunum og láta laga/leiðréttá önnur atriði, sem umræða var um að þyrftu lagfæringar við.

Samþykkt að óska umsagnar Skipulagsstofnunar og samþykkis ráðherra fyrir því að fresta gerð skipulags fyrir svæði í og ofan Valþjófsstaðafjalls, fyrir ofan Fljótsdalsstöð. Landsnet áformar að leggja nýja háspennulínu niður fjallið, við hlið eldri línu. Sveitarstjórn hefur gert athugasemdir við þau áform vegna sjónrænna áhrifa og vill að skoðaðar verði aðrar leiðir, en lagning nýrrar umfangsmikillar loftlínu. Valþjófsstaðafjall er hverfisverndað í skipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að Aðalskipulagi Fljótshrepps 2014- 2030 skv. 3. mgr. 30 gr laga nr. 123/2010 , með ofangreindum breytingum og felur oddvita að senda hana til athugunar hjá Skipulagstofnun. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir, verður tillagan auglýst óbreytt skv. 31 gr. laga nr. 123/2010.

## 5. Dvalarheimili aldraðra

a) Fundargerð stjórnar 08.11. Kynnt

b) Fyrirhuguð kaup á íbúðum.

Stjórn dvalarheimilisins óskar eftir heimild aðildarsveitarfélaganna (Fljótshrepps, Borgarfjarðarhrepps og Fljótshrepps) til að ganga frá kaupum á 14 íbúðum í Hamragerði 5, Egilsstöðum. Kaupin verða fjármögnuð með lánsfé og íbúð sem DHA á í Miðvangi 22. Um það bil helmingur íbúðanna verður settur í almenn leigu, þar til skapast meiri þörf skjólstæðinga DHA fyrir leiguhúsnæði. Samkvæmt gögnum sem fylgja erindinu er ekki reiknað með fjárútlátum hjá sveitarfélögum vegna kaupanna og gert ráð fyrir að leiga íbúðanna standi undir lánnum og rekstri. Eignarhlutur Fljótshrepps í DHA er 4,3 % og félagið því ekki fært sem B hluta fyrirtæki í bókhaldi sveitarfélagsins . Samþykkt af hálfu sveitarstjórnar Fljótshrepps, að gengið verði frá kaupum.

## 6. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Stofnsamþykktir nýs atvinnuþróunarsjóðs kynntar. Sjóðurinn er stofnaður á grunni eldri atvinnuþróunarsjóðs og tillgangur hans er að stuðla að þróun og eflingu atvinnulífs á Austurlandi. Fljótshreppur hefur verið aðila að þeim sjóði sem verið er að leggja niður Sveitarstjórn samþykkir að Fljótshreppur verði aðili að nýja sjóðnum. Árgjald 2014 er 821 kr. á íbúa. Íbúar og fyrirtæki í sveitarfélaginu eru hvattir til að kynna sér sjóðinn og þá möguleika sem þar eru til að sækja um styrki og kaup á hlutafé.

## 7. Safnahús

Bréf Fljótshrepps dags. 12.11, gögn um tilurð safnahúss og tillaga um framtíðarskipan á eignarhaldi hússins.

3 söfn hafa aðsetur í húsinu, Héraðsskjalasafn, Minjasafn og Bókasafn Héraðsbúa. Aðeins hluti þess húss sem upphaflega stóð til að byggja hefur verið reist. Eignarhald hússins er flókið og viðhaldi illa sinnt , eins og áralöng saga kvartana safnanna bera vott um. Fljótshreppur er aðili að rekstri Minjasafns með Borgarfjarðarhreppi og Fljótshrepps og rekstaráðili að Héraðsskjalasafni með 7 öðrum sveitarfélögum. Fljótshrepps á eignarhluta Bókasafns og rekur eitt það safn. Eignarhlutar eru skilgreindir þannig milli safnanna: Minjasafn 53,8 %, Héraðsskjalasafn 26,3 % og Bókasafn 19,9 %.

Fljótshrepps leggur til að það yfirtaki alla eignina af öðrum eignaraðilum þeirra rekstarsamlaga sem eiga húsið í heild. Á móti komi Fljótshrepps til með að sjá um allt viðhald hússins og halda því í lagi. Söfnin leigi svo aðstöðu í húsinu. Greiðsla Fljótshrepps fyrir eignarhluta annarra er sett upp þannig að gerður verði 12 ára leigusamningur milli Fljótshrepps og rekstrarsamlaganna og gera útreikningar ráð fyrir að kaupverð greiðist upp á 12 árum. Að þeim tíma liðnum munu rekstrarsamlögin þurfa að greiða raunverulega útreiknaða leigu. Skipting á eignarhaldi verði miðuð við íbúafjölda (eignarhlutur

Fljótsdalshrepps tæp 3%) . Rekstrarframlög aðildarsveitarfélaga til safnanna taka hins vegar einnig mið af öðrum forsendum s.s. skatttekjum. Þegar kæmi til framlaga/greiðslna fyrir leigu safnanna verða þær samkvæmt uppgefnum forsendum talsvert íþyngjandi fyrir Fljótsdalshrepp. Stofnkaupverð er áætlað 265,8 millj. framreiknað viðmiðunaverð sérhæfs húsnæðis , og bætt við 30 millj vegna nauðsynlegs viðhalds , alls 295,8 millj, þetta myndi leigugrunn og árlegt leiguverð verði um 27 millj.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir hönd Fljótsdalshrepps tillögu Fljótsdalshéraðs að breyttu eignarhaldi safnahúss, en gerir fyrirvara við þá samþykkt varðandi það að of óljóst er hvort fyrirhuguð breyting á eignarhaldi leiði til þess að viðhald hússins komist í lag, sem er megintilgangur þess að breyta eignarhaldi safnahúss. Farið er fram á Fljótsdalshérað leggi fram áætlun um það viðhald sem stefnt er að á allra næstu árum og standi a. m.k. á móti þeim 30 millj kr. sem stofnverð er hækkað um vegna viðhaldsþarfar.

## 8. Önnur mál

- a) Varðar kostnað við lagfæringu á slóða í Sanddal og Hafursárufis, sl. sumar. Samþykkt að greiða helming af kostnaði á móti Vatnajökulsþjóðgarði, kr. 262.088,-.
- b) Samþykkt að næsti sveitarstjórnarfundur verði fimmtudag 5. des, í stað þriðjudagsins 3. des, til að hálfur mánuður líði milli 1. og 2. umræðu 3ja ára fjárhagsáætlunar.
- c) Menningarfulltrúi , Signý Ormarsdóttir verður með viðveru í Végarði 3.12, frá kl. 14:00 til 16:00. Íbúar geta mætt á tilgreindum tíma og fengið upplýsingar og aðstoð vegna umsókna um styrki menningarráðs. Einnig er hægt á þanta viðtalstíma hjá menningarfulltrúa ,á skrifstofu hennar á Egilsstöðum.
- d) Undirritaður var 3ja ára leigusamningur við Fljótsdalsgrund ehf , um gistihús við Végarð, 11. nóv.sl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19:40.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)